

## *Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum*

**Skólanefnd Framhaldsskóla – fundur 8. nóvember 2006, kl 17:15.**

Mætt: Jón G. Valgeirsson, Ólafur Elísson, Þorsteinn Finnbogason, Elliði Vignisson, Gunnar Friðfinnsson, Bjarni B. Kristjánsson og Ólafur H. Sigurjónsson.

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og samþykkt.

### **1. Skólastarfið, yfirlit og það helsta framundan.**

Vinnufundur kennara, vegna árangursmælikvarða gengu vel og ný vinnustofa vegna sjálfsmats var haldin með starfsfólki 31. okt og voru Jenný Dögg og Halldóra frá Capacent-Gallup okkur til aðstoðar, sem fyrr. Viðfangsefnið var “aðgerðir” sem er lokaáfanginn í þessari vinnu. Tveir fundir hafa verið haldnir um íþróttakademíu og styttist í skýrslu þar um. Tveir kennarar fóru til Frakklands 16. – 20. okt. vegna undirbúnings á nýju Evrópuverkefni sem hefst næsta haust, ef allt fer sem horfir. Umsjónarfundur með nemendum og val fyrir næstu önn var 24. okt. Samstarfsnefnd FÍV og KÍ v/ launa gekk frá stofnanasamningi um fjarkennslu. Tengiliður FÍV í menntamálaráðuneytinu, Þórir Ólafsson, kom í heimsókn 2. nóv. og fundaði með skólameistara, skoðaði aðstöðuna og spjallaði við starfsfólk. Margt bar á góma, en Þórir var ánægður með skólann og starfið. Vetrarfrí var 3. nóvember, en kennslu mun ljúka 1. des. og próf byrja daginn eftir. Í nóvember mun verða endasperttur í vinnunni við sjálfsmatið og auðvitað einnig í kennslunni. Samstarfsnefnd framhaldsskólastigsins fundar 9. – 10. nóv. Dagur íslenskrar tungu er 16. nóv, en þá er von á Stefáni Mána rithöfund.

Fundarmenn lýstu ánægju með aukna jákvæða umfjöllun um skólan og fögnuðu góðu starfi nemendafélagsins, það sem af er vetri.

### **2. Ársreikningur 2005 og fjárhagsstaðan núna.**

Ársreikningur lagður fram, spurningum svarað. Spurt var um hvort þessar upplýsingar (reikningurinn) gætu ekki legið fyrir í febrúar ár hvert. Yfirlit fjárhags í nóv 2006 lagt fram og spurningum svarað.

### **3. Fjárlög og rekstrarforsendur 2007.**

Í fjárlögum er skólanum ætlaðar 158,1 millj í rekstur og laun, frá dragast áætlaðar tekjur uppá 3,5 millj. Þannig að gjöld umfram tekjur eru 154,6 milljónir sem greiðast þannig að úr ríkissjóði koma 152,7 millj. og 1.9 millj. eru innritunargjöld.

### **4. Önnur mál.**

a) Réttindamál kennara: upprifjun og yfirlit.

Á fundi 9. september 2004 samþykkti skólanefnd að beina því til starfandi leiðbeinenda, að leggja fram áætlun um hvort og þá hvernig þeir ætluðu að ná í réttindi til kennslu. Í umræðum á fundinum kom fram mikill og jákvæður áhugi skólanefndar á því að leiðbeinendur við skólann leituðu allra leiða til að verða sér út um réttindi til kennslu á framhaldsskólastigi. Skólanefndin taldi það nauðsynlegt fyrir viðkomandi einstaklinga (að þeim elstu undanskildum) að búa sér til og fylgja áætlun um hvernig og hvenær þeir gætu náð þessu takmarki. Nefndin taldi það auka verulega möguleikana til að styðja núverandi starfsmenn til endurráðningar ef réttindafólk sækir um stöður þeirra.

Í framhaldi af samþykkt og umræðum í skólanefnd ræddi skólameistari við alla leiðbeinendur og sendi þeim síðan bréf (í okt 2004), þar sem tilmæli nefndarinnar voru áréttuð og það um skriflega áætlun fyrir ársbyrjun 2005. Á þessum tíma voru 8 leiðbeinendur við skólann, þar af tveir að komast á aldur. Þrír eru nú að ljúka réttindaöflun samkvæmt áætlun frá 2004. Auk þeirra eru nú 4 leiðbeinendur starfandi við kennslu.

Vorin 2005 og 2006 reyndi á þetta í ráðningarferlinu og ákvað skólanefnd í bæði skiptin að standa við fyrirætlun um að styðja þá er í námi voru samkvæmt settri áætlun. Kennarafundur vorið 2006 lýsti ánægju með þetta vinnulag og þakkar skólanefndinni stuðninginn.

Skólanefnd samþykkti að ítreka fyrri samþykkt og beina því til núverandi leiðbeinenda að gera sér áætlun um réttindanám og fylgja henni.

B) Bjarni fór yfir það helsta úr starfi nemendafélagsins, sem hefur verið rólegt og gott.

Skólameistari skýrði frá því að skólasókn nemenda væri betri en nokkru sinni.

Næsti fundur áætlaður miðvikudaginn 20. desember.

Fleira ekki gert, fundi lauk kl 19:15

Ólafur H. Sigurjónsson.